



Íslandssjóðir hf. – Árshlutauppgjör 2013

Stjórn Íslandssjóða hf., sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013.

Afkoma Íslandssjóða hf. fyrstu 6 mánuði ársins 2013

- Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Íslandssjóða og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður rekstrarfélagsins eftir skatta fyrstu 6 mánuði ársins 2013 er 146 m.kr. samanborið við 127 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Rekstrargjöld námu 479 m.kr. samanborið við 409 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður og hækkuðu um 17,7%.
- Hreinar rekstrartekjur námu 662 m.kr. samanborið við 568 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður, jukust um 16,5%.
- Eigið fé 30. júní 2013 nam 1.878 m.kr. en var 1.925 m.kr. í ársbyrjun.
- Heildareignir félagsins 30. júní 2013 námu 2.643 m.kr. en voru 3.006 m.kr. í árslok 2012.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 143,4% í lok júní, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok júní 2013 voru 19 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 113.755 milljónum króna samanborið við 114.145 m.kr. í lok árs 2012. Þar af eru 15 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 99.017 milljónir króna og 4 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 14.738 milljónir króna. Einn sjóður sem skráður er í Lúxemborg er í stýringu félagsins.
- Stjórn samþykkti að sameina Lengri skuldabréfasjóðinn, sem yfirtekinn var frá rekstrarfélagi Byrs, við Ríkisskuldabréf - Sjóð 5. Gert er ráð fyrir að sameiningu sjóðanna verði lokið í septembermánuði.
- Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af Deloitte hf. en við könnun kom ekkert fram sem bendir til annars en að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2013.
- Á fyrri hluta ársins störfuðu 17 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	6 mán. 2013	6 mán. 2012
Hreinar rekstrartekjur	662	568
Rekstrargjöld	479	409
Hagnaður fyrir skatta	183	159
Hagnaður eftir skatta	146	127
Eigið fé	1.878	1.794

Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 2.945 m.kr. samanborið við 2.136 m.kr. hagnað fyrstu sex mánuði ársins 2012.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam 99.017 m.kr. samanborið við 104.057 m.kr. í árslok 2012.

Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) tímabilsins	776	49	576	38
Hrein eign í lok tímabils	33.679	512	38.950	749

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	477	121	36	19
Hrein eign í lok tímabils	15.699	3.774	746	813

	Lengri skuldabréfa-sjóðurinn	Alþjóða virðissjóðurinn	Alþjóða vaxtarsjóðurinn
Hagnaður (tap) tímabilsins	30	8	(2)
Hrein eign í lok tímabils	1.543	123	79

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	249	386	64	118	2.945
Hrein eign í lok tímabils	776	1.202	130	242	99.017

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini fyrstu sex mánuðina nam 1.206 m.kr. samanborið við 586 m.kr. hagnað fyrstu 6 mánuðina 2012.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða nam 14.738 m.kr. samanborið við 10.088 m.kr. í árslok 2012.

Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	ÍS Hlutabréfasjóðurinn	Skuldabréfasafn ÍS	Fyrirtækjasjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	95	1033	81	(3)	1.206
Hrein eign í lok tímabils	3.472	7.235	4.021	10	14.738

Árshlutareikningur félagsins munu liggja frammi hjá félaginu í húsnæði Íslandsbanka, Kirkjusandi, 4. hæð og á www.islandssjodir.is frá og með 3. september 2013.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins í síma 440-4593